

Mál nr. 220/2008

M og

Vátryggingafélagið V v frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Maður brenndist á fæti við vinnu í álveri þ.26.4.2007 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.10.2008. ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf tjónanefndar dags. 7.11.2008 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Lögregluskýrsla dags. 4.3.2008.

Málsatvik.

M var í skautaskiptum og var að reyna að koma skautaklemmu sem hafði fallið úr krana fyrir og steig með hægra fæti á nýja skautið en þá vinstir á kerþekjuna við hliðina. Þekjan fell niður og við það fór vinstri fótur M ofan í kerið og hann slasaðist. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að vinstri fótur M hafi skrið af þekju og lent ofan í kari. M hafði unnið hjá A í einn mánuðu þegar slysið varð. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins er orsök slyssins sögð vera sú að ekki hafi verið farið eftir verklagsreglum við skiptingu skauts. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og vísar til að M hafi aðeins unnið skamma hríð hjá A þegar slysið varð og um ófullnægjandi verkstjórn hafi verið að ræða þegar slysið varð. Þá heldur M því fram að lýsing í skýrslu Vinnueftirlits sé ekki ekki rétt af því sem gerðist og byggir á því að kerþekjan hafi fallið niður með þeim afleiðingum að hann slasaðist. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu vátryggingataka. Þá segir V að fyrir liggi að orsök slyssins sé sú að ekki hafi verið farið að verklagsreglum.

Álit.

Í verklagsreglum sem m.a. er vísað til í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins er tekið fram að setja skuli festingar í verkfæri annarsstaðar en yfir kraumandi kerinu ef festing fellur úr verkfærinu. M gætti þess ekki að fara að verklagsreglum í umrætt sinn og á því ekki rétt á bótum þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að slysið verði vegna atriða eða atvika sem A ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.